



Garðabær - Drög

Endurskoðunarskýrsla 2024

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2024</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 – 5</i>
<i>Rekstrareiningar innan ársreiknings Garðabæjar</i>	<i>6</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>7 - 9</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða - lykilatriði</i>	<i>10</i>
<i>Helstu áherslur – rekstrarliðir</i>	<i>11 - 12</i>
<i>Helstu áherslur – matsliðir</i>	<i>13 - 14</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>15</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>16</i>
<i>Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar</i>	<i>17 - 19</i>

Endurskoðun ársins 2024

Garðabær, 15. maí 2025

Bæjarstjórn Garðabæjar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2024. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikningi sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi
Arnór Orri Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi
Bryndís Sigríksdóttir, M.Acc Reikningsskil og endurskoðun
Guðlaugur Guðberg Sigurðsson, M.Acc Reikningsskil og endurskoðun
Þorbergur Steinn Þorvaldsson, M.Acc Reikningsskil og endurskoðun
Herta Sól Malmberg, M.Acc Reikningsskil og endurskoðun
Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - gæðarýnir

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við bæjarstjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: david.bui@enor.is
Sími: 430 1810
Gsm: 851 1800

Arnór Orri Jóhannsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: Arnor.orri@enor.is
Sími: 430 1800
Gsm: 857 6068

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (út frá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 15 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 412 milljónir eða 1,5% af rekstrartekjum en við skilgreiningu á mörkunum var horft á meðaltal rauntalna ársins 2023 og áætlunar fyrir árið 2024. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af vinnu mikilvægismörkunum eða kr. 16,4 millj.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Rekstrareiningar innan ársreiknings Garðabæjar



Flokkar rekstrareininga

Reikningsskilum sveitarfélaga skal skipta í tvo flokka. **A – hluta** sem merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum og **B – Hluta** sem í falla stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Við endurskoðun sveitarfélagsins er tekið mið af þessari skiptingu við framkvæmd áhættumats og hönnun og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Byggðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Endurskoðandi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Strætó og Sorpu er Grant Thornton endurskoðun ehf. Við höfum ekki vitneskju um önnur byggðasamlög eða samrekstur sem gætu haft áhrif á samstæðureikning sveitarfélagsins.

Rekstrareining	Flokkur í ársreikningi	Endurskoðandi
Aðalsjóður	A - Hluti	Enor
Eignasjóður	A - Hluti	Enor
Þjónustustöð	A - Hluti	Enor
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	A - Hluti	Grant Thornton
Samveitur	B - Hluti	Enor
Strikið 3	B - Hluti	Enor
Garðahús	B - Hluti	Enor
Sorpa	B - Hluti	Grant Thornton
Strætó	B - Hluti	Grant Thornton

Ársreikningur sveitarfélagsins



Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2024	með viðaukum	2023	2024	með viðaukum	2023
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	21.023.059	20.758.159	18.253.718	20.983.870	20.719.959	18.216.373
Framlög jöfnunarsjóðs	3.314.863	2.712.006	2.099.363	3.314.863	2.712.006	2.099.363
Aðrar tekjur	2.560.681	2.356.607	2.192.796	4.655.090	4.475.530	4.353.897
Byggingarréttur	1.526.090	1.500.000	4.475.983	1.526.090	1.500.000	4.475.983
	28.424.693	27.326.772	27.021.860	30.479.913	29.407.495	29.145.616
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	12.491.371	12.456.437	11.524.310	13.140.658	13.092.542	12.077.022
Lífeyrisskuldbinding, breyting	57.293	383.000	484.244	58.253	383.000	504.104
Annar rekstrarkostnaður	11.598.728	11.248.406	10.370.479	12.046.003	11.860.905	11.032.030
Afskriftir	1.574.364	1.477.906	1.335.327	1.871.269	1.745.191	1.584.816
	25.721.756	25.565.749	23.714.360	27.116.183	27.081.638	25.197.972
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	2.702.937	1.761.023	3.307.500	3.363.730	2.325.857	3.947.644
Fjármagnsliðir	-2.144.030	-1.711.611	-2.177.737	-2.180.366	-1.764.274	-2.305.263
Rekstrarniðurstaða ársins	558.908	49.413	1.129.763	1.183.365	561.584	1.642.383
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	44%	46%	43%	43%	45%	41%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	0%	1%	2%	0%	1%	2%
Annar rekstrarkostnaður	41%	41%	38%	40%	40%	38%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 30.479 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 1.334 millj. milli ára eða um 5%. Tekjur A hluta eru 4% umfram áætlun ársins og tekjur A og B hluta eru 3,6% umfram áætlun.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A hluta námu kr. 12.491 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 967 millj. milli ára eða 8%. Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 13.140 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 1.063 millj. milli ára eða 8,8%. Launakostnaður er í heild 1,5% yfir áætlun ársins hjá A hlutanum en 0,4% yfir áætlun hjá A og B hluta. Fjöldi meðalstöðugilda hækkar um 1,8% og voru 991 á árinu 2024 en 973 á árinu 2023. Laun og launatengd gjöld í A og B hluta eru 43% af rekstrartekjum ársins samanborið við 41% árið áður.

Lífeyrisskuldbindingar

Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga hjá A og B hluta nam kr. 58.253 millj. á árinu 2024 samanborið við kr. 504.104 millj. árið áður. Lýð- og tryggingafræðilegir þættir skýra minni gjaldfærslu í ár samanborið við fyrri ár.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 12.046 millj. á árinu 2024 og hækkar um kr. 1.013 millj. milli ára eða 9%. Annar rekstrarkostnaður hjá A hluta er kr. 350 millj. eða 3% yfir áætlun ársins en hjá A og B hluta er annar rekstrarkostnaður kr. 185 millj. yfir áætlun eða 2%.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 2.180 millj. á árinu 2024.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Fastafjármunir				
Fasteignir, lóðir og lendur	41.801.971	39.016.577	43.201.997	40.275.251
Veitukerfi og gatnamannavirki	3.488.278	3.155.811	10.096.586	9.636.894
Vélar, áhöld og tæki	1.294.545	1.061.338	1.589.519	1.360.817
Leigðar eignir	959.426	1.157.074	959.426	1.157.074
Stofnframlög og eignarhlutir félögum	1.055.898	913.264	1.014.571	852.099
Langtímakröfur	0	0	1.759.142	1.707.349
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	699.402	829.726	0	0
Verk í vinnslu	2.513.598	2.727.047	2.513.598	2.727.047
Bundnar bankainnistæður	0	0	12.864	11.281
Fyrirframgreiddur kostnaður	829.973	871.004	875.149	916.091
	52.643.091	49.731.841	62.022.851	58.643.902
Veltufjármunir				
Birgðir	5.761	5.494	13.991	13.580
Óinnheimtar tekjur	2.780.262	4.229.011	2.782.682	4.229.011
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	609.051	2.689.820	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	41.051	41.051	43.307	43.195
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	170.061	159.914	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0	29.303	28.610
Aðrar skammtímakröfur	207.914	177.210	298.014	286.072
Handbært fé	122.687	113.579	193.562	164.954
	3.936.787	7.416.079	3.360.860	4.765.423
Eignir samtals	56.579.877	57.147.919	65.383.710	63.409.324
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	0,42	0,59	0,42	0,39

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 3.417 millj. milli ára og nema samtals kr. 55.847 millj. í árslok 2024 samanborið við kr. 52.430 millj. í ársbyrjun.

- Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu og nam endurmatshækkun þeirra kr. 677 millj.
- Heildarfjárfesting A og B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 4.586 millj. en afskriftir námu kr. 1.871 millj.
- Helstu fjárfestingar ársins voru:
 - Fjárfesting Garðabæjar kr. 3.082 millj. í fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting vegna áfanga 2 og 3 í Urriðaholtsskóla kr. 1.772 millj.,

Langtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Langtímakröfur í samanteknum A og B hluta tilheyra Strikinu 3. Verk í vinnslu dragast saman um kr. 213 millj. milli ára.

Veltufjármunir

Veltufjárhlutfall lækkar milli ára. Breytinguna má einkum rekja til lækkunar á óinnheimtum tekjum og skammtímakröfum á eigin fyrirtæki.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	22.940.986	21.693.325	28.671.766	26.777.601
Skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	3.614.872	3.717.960	3.634.642	3.736.308
Aðrar skuldbindingar	125.392	0	164.788	37.142
Skuldir við lánastofnanir	18.022.830	16.878.975	22.340.034	18.256.464
Leiguskuldir	1.087.308	1.319.540	1.087.308	1.319.540
Fyrirframinnheimtar tekjur	1.440.555	940.760	1.440.555	940.760
	24.290.957	22.857.235	28.667.327	24.290.214
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	3.255.959	7.060.997	3.255.959	7.060.997
Skuldir við eigin fyrirtæki	1.611.992	522.438	0	0
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar	159.696	189.305	161.359	190.818
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.563.567	1.482.982	1.680.692	1.532.722
Næsta árs afborganir leiguskulda	290.975	250.012	290.975	250.012
Aðrar skammtímaskuldir	2.465.746	3.091.625	2.656.037	3.306.960
	9.347.935	12.597.359	8.045.021	12.341.508
Skuldir samtals	33.638.891	35.454.593	36.712.348	36.631.722
Skuldir og eigið fé samtals	56.579.878	57.147.919	65.384.115	63.409.324
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	41%	38%	44%	42%

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 1.895 millj. milli ára.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta lækkar um kr. 102 millj. eða 3% milli ára. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 13 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir hækka um kr. 426 millj. milli ára hjá A og B hluta ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Á árinu 2024 voru tekin ný langtímalán upp á 4924 millj. Á árinu nam afborgun af höfuðstól langtímaskulda kr. 1.643 millj. hjá samstæðu A og B hluta. Sveitarfélagið lækkaði skammtímaskuldir við lánastofnanir um 3.805 millj. á árinu.

Fyrirframinnheimtar tekjur

Undir fyrirframinnheimtar tekjur er færð skuldbinding vegna gatnagerðargjalda. Haldið er utan um tekjur vegna gatnagerðargjalda niður á hverfi en kostnaður við gatnagerð færist á móti tekjum vegna gatnagerðargjalda í hverju hverfi fyrir sig. Þessi skuldbinding kemur því til með að nýtast á móti kostnaði við gatnagerð í framtíðinni.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 97% í árslok 2024 samanborið við 96% í ársbyrjun. Hjá A hlutanum var skuldahlutfallið 98% í árslok 2024 samanborið við 96% í ársbyrjun.

Notkun reikningsskilaaðferða - lykilatriði

Lóðir og lendur

Samkvæmt áliti frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2024 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 11.051 millj. og hækka um kr. 677 millj. milli ára.

Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðir og lendur eru ekki afskrifaðar.

Sala á byggingarétti

Varðandi sölu á byggingarétti gilda almennar reikningsskilareglur og eru tekjur færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Meta þarf á samningsdegi hve miklu af byggingarréttinum stjórnendur vænta að verði skilað og færa þá upp skuld vegna þessa (f.f. innheimtar tekjur) eða niðurfærslu á kröfu. Þarf þá að horfa til: Sögulegra gagna – hvernig hefur reynslan verið af sambærilegum samningum og kaupendum. Er sérstaklega fjallað um skilarétt í samningnum og endurgreiðslurétt kaupanda. Hvernig er samið um greiðslufresti og hvernig meta stjórnendur lánstraust viðkomandi kaupanda. Sala byggingaréttar færist með sama hætti og söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

Tekjur vegna gatnagerðargjalda

Framkvæmdakostnaður vegna fjárfestingar í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Í þeim hverfum þar sem álagðar gatnagerðartekjur eru hærri en framkvæmdakostnaður er mismunurinn færður sem fyrirframinnheimtar tekjur og flokkast meðal skulda í efnahagsreikningi. Í þeim hverfum þar sem framkvæmdakostnaður er hærri en álagðar gatnagerðartekjur er mismunurinn færður sem verk í vinnslu og flokkast meðal eigna í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefna er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok. Horfa þarf til varúðarsjónarmiða í tengslum við tekjufærslu.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum starfsmanna í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Brúar Lífeyrissjóðs.

Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna á lífeyrisskuldbindingum til Brúar Lífeyrissjóðs.

Bygðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa bygðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Við höfum ekki vitneskju um önnur bygðasamlög eða samrekstur sem gætu haft áhrif á samstæðureikning sveitarfélagsins.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin veruleg frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Helstu áherslur – rekstrarliðir

Sala á byggingarétti – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Sveitarfélagið seldi á árinu byggingarétt fyrir um kr. 1.526 millj kr samanbórið við 4.476 millj. kr. árið á undan.

Varðandi sölu á byggingarétti á árinu þá er það mat stjórnenda Garðabæjar að færa skuli sölna að fullu til tekna. Byggir það mat m.a. á eftirfarandi: Reynslu sveitarfélagsins af sölu á byggingarétti. Um er að ræða samninga við kaupendur sem sveitarfélagið hefur átt í viðskiptum við og hefur reynslu af. Í öllum tilvikum eru um að ræða reynda byggingaraðila sem hafa staðið að byggingaframkvæmdum í Garðabæ og staðið í skilum með álögð gjöld. Byggingarétturinn er ekki framseljanlegur til þriðja aðila nema með samþykki sveitarfélagsins. Í þeim tilvikum sem samið hefur verið um eftirstöðvar greiðslu hefur meirihluti heildarkröfunnar í flestum tilvikum þegar verið greiddur við lok endurskoðunar.

Endurskoðun á sölu á byggingarétti hjá sveitarfélaginu fólst í yfirferð á tekjuskráningu, yfirferð á samningum, stöðu krafna og innborgana eftir reikningsskiladagsetningu og fram að lokum endurskoðunar. Einnig var kallað eftir áliti frá óháðum aðila um meðhöndlun á tekjuskráningu byggingaréttar. Samkvæmt áliti skal tekjuskráning á byggingarétti meðhöndluð með sambærilegum hætti og vara með skilarétti. Ef það er mat stjórnenda að engu verði skilað þá þarf að byggja undir það mat með sambærilegum hætti og annað kröfumat en horfa þarf til sögulegra gagna, endurgreiðsluréttar kaupanda samkvæmt samningi og hvernig samið er um greiðslufrest.

Niðurstöður:

Við teljum að álitið gefi rétta mynd af meðhöndlun tekna vegna byggingaréttar. Líkt og fyrri ár viljum benda á að mikilvægt er að viðhalda matinu með reglubundnum hætti og komi fram vísbendingar um að óvissa sé um innheimtu eða líkur á skilum á byggingarétti þá sé krafa færð niður eða útgefinn reikningur færður sem fyrirframinnheimtar tekjur sem flokkast meðal skulda sveitarfélagsins. Að öðru leyti eru **niðurstöður okkar án athugasemda**.

Þjónustutekjur og aðrar tekjur – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Aðrar rekstrartekjur sveitarfélagsins skiptast í þjónustutekjur, eignatekjur, endurgreiðslur og aðrar tekjur.

Endurskoðun á þjónustutekjum og öðrum tekjum hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum sem og ítarlegum gagnaendurskoðunaraðgerðum. Skoðuð var þróun í einstökum tekjuliðum niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Valdir tekjuliðir voru skoðaðir með samanburði við samninga, fylgiskjala og önnur undirliggjandi gögn. Þá var lotun tekna yfirfarin með skoðun tekjuhreyfinga og öflun undirliggjandi ganga fyrir hreyfingar í kringum reikningsskiladag

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Rekstrartekjur

Tekjur sveitarfélagsins voru staðfestar með yfirlitum fengnum beint frá Fjársýslunni og Jöfnunarsjóði. Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir og tekjufærðar fjárhæðir voru bornar saman við yfirlit frá þriðja aðila.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Helstu áherslur – rekstrarliðir

Laun og launatengd gjöld – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Launakostnaður er í heild í takt við uppfærða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Fjöldi meðalstöðugilda hækkar um 1,8% og voru 991 á árinu 2024 en 973 á árinu 2023 Laun og launatengd gjöld eru 43,1% af rekstrartekjum ársins samanborið við 41,4% árið áður.

Endurskoðun á launum og launatengdum gjöldum hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum og ítarlegum gagnaendurskoðunaraðgerðum. Skoðuð var þróun í launakostnaði niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Framkvæmdar voru gagnagreiningaraðgerðir þar sem væntingar um þróun í launakostnaði voru myndaðar út frá launahækkunum skv. samningum og breytingu stöðugilda og væntingar bornar saman við raunkostnað einstakra kostnaðarstöðva.

Við öfluðum okkur skilnings á launaferli hjá sveitarfélaginu og þá var virkni eftirlitsaðgerða er snúa að samþykktarferli launa prófaðar.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Annar rekstrarkostnaður – niðurstöður og endurskoðunaraðgerðir

Annar rekstrarkostnaður sveitarfélagsins skiptist í vöru og þjónustukaup ásamt styrkjum og framlögum Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 12.046 millj. á árinu 2024 og hækkar um kr. 1.013 millj. milli ára eða 9%. Annar rekstrarkostnaður hjá A hluta er kr. 350 millj. eða 3% yfir áætlun ársins en hjá A og B hluta er annar rekstrarkostnaður kr. 185 millj. yfir áætlun eða 2%.

Endurskoðun á öðrum rekstrarkostnaði hjá sveitarfélaginu fólst í greiningaraðgerðum og ítarlegum gagnaendurskoðunaraðgerðum. Skoðuð var þróun í einstökum kostnaðarliðum niður á málaflokka og kostnaðarstöðvar með samanburði við fjárhagsáætlun og fyrra ár. Fengnar voru skýringar á helstu frávikum frá áætlun ársins. Einnig var framkvæmd úrtaksskoðun á rekstrarkostnaði þar sem fylgiskjölum var flett upp, samþykkt skoðuð og bókun kostnaðar metin.

Stöður lánadrottna voru yfirfarnar með samanburði við yfirlit frá birgjum og önnur gögn í bókhaldi.

Samþykktarferli var prófað og lagt var mat á virkni samþykktarferlis.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Helstu áherslur – matsliðir

Varanlegir rekstrarfjármunir og fjárfestingar

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 3.417 millj. milli ára og nema samtals kr. 55.847 millj. í árslok 2024 samanborið við kr. 52.430 millj. í ársbyrjun.

- Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu og nam endurmatshækkun þeirra kr. 677 millj.
- Heildarfjárfesting A og B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 4.586 millj. en afskriftir námu kr. 1.871 millj.
- Helstu fjárfestingar ársins voru:
 - Fjárfesting Garðabæjar kr. 3.082 millj. í fasteignum og búnaði en þar af nam fjárfesting vegna áfanga 2 og 3 í Urriðaholtsskóla kr. 1.772 millj.,

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Farið var í yfirferð og ítarlega skoðun varðandi eftirlits- og samþykktarferli í tengslum við framkvæmdir og eignfærslur. Tekið úrtak úr nokkrum stórum verkum og framkvæmdar fyrirspurnir til stjórnenda og einnig farið ofan í verkostnað og hvort utunumhald sé í samræmi við ferlалýsingar og samþykkt í lagi.

Einnig voru framkvæmdar ítarlegar gagnaendurskoðunaraðgerðir á varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestingum ársins. Fyrningaskýrslur voru yfirfarnar og farið yfir afskriftarhlutföll og bókfært verð eigna. Tekið var úrtak úr fjárfestingum ársins þar sem fylgiskjöllum var flett upp og eignfærsla metin. Einnig var farið yfir viðhaldskostnað.

Farið var yfir uppreikning á lóðaleigutekjum sem að myndar endurmat á lóðum og lendum sem og farið yfir gögn og útreikninga að baki eignfærslu á leigusamningum.

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Lífeyrisskuldbindingar

Garðabær er í bakábyrgð gagnvart skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2024. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Garðabær færir kr. 3.646 millj. skuldbindingu vegna stöðu LSR í árslok samanborið við kr. 3.736 millj. í ársbyrjun. Til viðbótar við skuldbindingar vegna LSR er færð upp skuldbinding vegna Brúar Lífeyrissjóðs að fjárhæð kr. 128 millj. í árslok 2024.

Gjaldfærsla ársins vegna lífeyrisskuldbindingar er lægri en undanfarin ár og áætlanir gerðu ráð fyrir. Skýrist það af lýðfræðilegum og tryggingarfræðilegum breytingum á árinu, einkum vegna fráfalls einstaklinga með háa skuldbindingu og makalausra einstaklinga.

Staða vegna uppgjörs á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir liðnum fyrirframgreiddur kostnaður, sem var bókfærður á kr. 871 millj. í árslok 2024. Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 12 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Niðurstöður og helstu endurskoðunaraðgerðir

Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu 2024 er kr. 58 millj. Við höfum farið yfir forsendur og útreikning tryggingastærðfræðings ásamt því að hafa átt með honum fund og gerum ekki athugasemdir við forsendur eða útreikning á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins í árslok 2024.

Við höfum metið bæði óhæði og hæfi í lagi hjá tryggingastærðfræðingi sjóðsins.

Við gerum ekki athugasemdir við mat á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins.

Helstu áherslur - matsliðir

Mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2024 hjá A og B hluta nam kr. 845 millj. sem er 23% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 758 millj. og 17,8% í ársbyrjun.

Niðurfærsla hjá A og B-hluta skiptist þannig í árslok 2024 að kr. 797 millj. eru vegna útistandandi útsvarsskulda og kr. 48 millj. eru vegna almennra viðskiptakrafna. Útistandandi útsvarsskuldir sem eru orðnar eldri en frá árinu 2021 eru færðar að fullu niður en yngri skuldir hlutfallslega minna. Niðurfærsluhlutfall útsvarsskulda er 79% í árslok 2024 samanborið við 83% árið áður.

Við höfum einnig farið yfir niðurfærslu annarra krafna en innheimta hefur gengið vel hjá sveitarfélaginu undanfarin ár.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2024 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Mat eignarhluta í félögum

Eignarhlutur í félögum og stofnframlög í byggðarsamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að fráðreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðarsamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Sveitarfélagið hefur innleitt reglugerðabreytingu nr. 230/2021 og í samræmi við hana færir sveitarfélagið hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara aðila til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína og hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til að gæta samræmis.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er skilgreint í A-hluta og Sorpa bs og Strætó bs í B-hluta.

Stærsti einstaki eignarhlutur sveitarfélagsins er í Betri samgöngur ohf.

Niðurstaða

Við teljum að mat eignarhluta sveitarfélagsins í árslok 2024 sé í samræmi við reikningsskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Innra eftirlit og virkni þess er mikilvægur þáttur í því að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og annarra eigna, og til þess að tryggja að ekki hljóttist tjón af skekkjum, mistökum og/eða sviksemi.

Við endurskoðunina þá fengum við og fórum yfir ferlalyðsingar fyrir alla helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra var metin. Heilt yfir eru litlar breytingar á helstu viðskiptaferlum sveitarfélagsins milli ára.

Aðfangarferli

Farið var yfir samþykkt á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagsins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af til þess bærum aðila og hvort skráning væri í lagi. Engin sérstök frávík komu fram við yfirferðina og teljum við að samþykktarferlið sé virkt og vel upp sett.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins. Engin sérstök frávík komu fram við yfirferðina og teljum við að eftirlit í ferlinu sé virkt og vel upp sett.

Framkvæmdir og eignfærslur rekstrarfjármuna

Við yfirfórum ferlið og utamumhald og verklag varðandi útboð og framkvæmdir. Farið var yfir fjárfestingar ársins hjá sveitarfélaginu, skoðað var utamumhald á fjárfestingarverkum og eignfærslur metnar.

Vinnan fólst m.a. í eftirfarandi atriðum: Samþykkt eftirlitsaðila á reikningum frá verktökum tekið út, samþykkt útboða hjá Bæjarráði sem og endanleg samþykkt reikninga hjá Garðabæ. Engin sérstök frávík komu fram við yfirferðina og teljum við að eftirlit í ferlinu sé virkt og vel upp sett.

Tölvuumhverfi og eftirlit með fjárhagsupplýsingum

Farið var yfir tölvuumhverfi sveitarfélagsins, skoðuð lykilverki tengd fjárhagsupplýsingum og eftirlit í ferlinu metið. Fyrirspurnum um uppsetningu og öryggisstillingum er snýr að gagnaöryggi og aðgangsstýringum var beint til stjórnenda. Lagt var mat á aðgreining starfa og eftirlitsaðgerðin metin virk. Aðgangsheimildir því tengdu voru skoðaðar.

Niðurstaða

Við höfum ekki greint verulega veikleika í aðgreiningu starfa eða innra eftirliti hjá sveitarfélaginu.

Lykileftirlitsaðgerðir eru að okkar mati virkar.

Önnur mikilvæg atriði

Staðfesting á óhæði

Við erum óháð Garðabæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Garðabæ neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækis, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

a) innihalda yfirlýsingu um óhæði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr.,

- Staðfestingu á óhæði er að finna á bls. 16 í endurskoðunarskýrslunni.

b) ef endurskoðunarfyrtækis annaðist lögboðnu endurskoðunina skal tilgreina í skýrslunni sérhvern áritunarendurskoðanda sem átti aðild að endurskoðuninni,

- Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi er áritunarendurskoðandi í verkefninu.

c) ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis hefur gert ráðstafanir um að eitthvert starfa hans eða þess sé í höndum annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, sem er ekki aðili að sama tengslaneti eða hefur nýtt vinnu utanaðkomandi sérfræðinga, skulu þessi atriði koma fram í skýrslunni og þar skal staðfest að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækis hafi mótttekið staðfestingu frá hinum löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrtækisnu og/eða utanaðkomandi sérfræðingnum um óhæði þeirra,

- Við höfum nýtt okkur vinnu tryggingastærðfræðings LSR og í tengslum við það höfum við metið óhæði og hæfni viðkomandi sérfræðings.

d) lýsa eðli, tíðni og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina eða aðilann, sem sinnir sambærilegum verkefnum innan endurskoðuðu einingarinnar, framkvæmdastjórn og stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. dagsetningum funda með þessum einingum,

- Vegna skipulagningar þá funduðum við með bæjarstjóra, fjármálastjóra og deildarstjóri bókhaldsdeildar sveitarfélagsins þann 5. nóvembr. Endurskoðunaráætlun var lögð fram á þessum fundum og hún yfirfarin. Við mættum á fund bæjarráðs þann 1. apríl 2025 þar sem fyrri umræða um ársreikning ársins 2024 fór fram.

e) fela í sér lýsingu á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar,

- Skipulagningarvinna og áhættumat vegna verkefnisins fór fram á tímabilinu október til janúar en meginþungi endurskoðunarvinnunnar var svo í lok febrúar og fram í apríl 2025.

f) lýsa skiptingu verkefna meðal löggiltu endurskoðendanna og/eða endurskoðunarfyrtækjanna ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækis hafa verið tilnefnd,

- Á ekki við.

g) lýsa þeirri aðferðafræði sem beitt er, þ.m.t. hvaða liðir efnahagsreiknings hafa verið sannreyndir með beinum hætti og hvaða liðir hafa verið sannreyndir út frá kerfis- og samræmisprófun, þ.m.t. skýring á hvers kyns verulegum breytileika í vægi kerfis- og samræmisprófana í samanburði við næstliðið ár, jafnvel þótt annar löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrtækis hafi annast reikningsskil næstliðins árs,

- Nálgun okkar á endurskoðunina er með svipuðum hætti og undanfarin ár. Við höfum sannreynt með beinum hætti efnahagsliði sveitarfélagsins en úrtakskönnunum og greiningum var beitt gagnvart rekstrarliðum, þ.e. rekstrartekjum, launum, öðrum rekstrarkostnaði og fjármagnsliðum.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

h) upplýsa um magnbundin mikilvægismörk sem notuð eru við lögboðna endurskoðun reikningsskila í heild og mikilvægismörk, þar sem við á, vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða skýringa og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðun mikilvægismarka,
- Upplýsingar um mikilvægismörk er að finna á bls. 5 í skýrslunni.

i) greina frá og útskýra mat á atburðum eða aðstæðum, sem komið er auga á meðan á endurskoðun stendur, og gætu vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu og hvort þau fela í sér verulega óvissu og leggja fram yfirlit um allar ábyrgðir, staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar stuðningsráðstafanir sem litið hefur verið til við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi,
- Ekkert slíkt hefur komið fram. Við sjáum ekki vísbendingar þess efnis að rekstrarhæfi sveitarfélagsins sé ógnað.

j) greina frá öllum verulegum brotalömum hjá endurskoðuðu einingunni eða, ef um er að ræða samstæðureikningsskil, hjá móðurfélaginu í innra eftirliti með fjármálum þess og/eða í bókhaldskerfinu. Í viðbótarskýrslunni skal tekið fram fyrir sérhverja slíka verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnenda eða ekki,
- Engar verulegar brotalamir hafa komið fram við endurskoðunina varðandi innra eftirlit en við vísum til umfjöllunar um niðurstöður skoðunar okkar á bls. 14 í skýrslunni.

k) greina frá öllum verulegum atvikum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér, að ekki hafi verið farið að lögum og reglugerðum eða samþykktum, sem fram komu við endurskoðunina, að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum,
- Ekkert hefur komið fram við endurskoðunina sem bendir til þess að sveitarfélagið hafi ekki farið að lögum, reglugerðum eða samþykktum sínum.

l) greina frá og meta matsaðferðir, sem beitt er gagnvart ýmsum liðum í árlegum reikningsskilum eða samstæðureikningsskilum, þ.m.t. hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa,
- Matsaðferðir sveitarfélagsins eru óbreyttar milli ára og vísum við til umfjöllunar um yfirferð á matsliðum á bls. 13 – 14 í skýrslunni.

m) ef um er að ræða lögboðna endurskoðun á samstæðureikningsskilum að skýra umfang samstæðunnar og útilokunarforsendur, sem endurskoðaða einingin beitir gagnvart einingum, sem ekki eru í samstæðunni, ef einhverjar eru, og hvort þessar forsendur, sem beitt er, séu í samræmi við reikningsskilareglur,
- Undir samstæðureikning sveitarfélagsins falla A og B hluta stofnanir auk hlutdeildar í rekstri og efnahag byggðasamlaga.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

n) greina, eftir atvikum, frá hvers kyns vinnu við endurskoðun af hálfu eins eða fleiri endurskoðenda, endurskoðunarfélaga eða endurskoðunarfyrirtækja þriðju landa í tengslum við lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila annarra en þeirra sem eru aðilar að sama tengslaneti og endurskoðandi samstæðureikningsskilanna,

- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.

o) taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl, sem beðið var um,

- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa veitt okkur alla þá aðstoð og aðgang að gögnum sem við höfum óskað eftir.

p) greina frá:

i. öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina,

ii. öllum mikilvægum málefnum sem upp komu vegna lögboðnu endurskoðunarinnar sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskipta við stjórnendur og

iii. öllum öðrum málefnum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við gerð reikningsskilanna.

- Engin veruleg vandkvæði komu upp við endurskoðunarvinnuna og við teljum okkur hafa greint frá öllum helstu málum í einstökum köflum í endurskoðunarskýrslunni.

3. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hafa verið ráðin samtímis og risið hefur ágreiningur milli þeirra um verklag við endurskoðun, reikningsskilareglur eða eitthvað annað álítaefni, sem varðar framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar, skal útskýra ástæður fyrir ágreiningnum í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar.

- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.